

Tilmæli	17/2022
Tillaga	A 1892/kultur
Afgreiðsla	Norræna þekkingar- og menningarnefndin

## Nefndarálit um svar við tilmælum 17/2022

Norræna þekkingar- og menningarnefndin leggur til að Norðurlandaráð taki til greina svar við tilmælum 17/2022 hvað varðar þingmannatillögu um að auka norrænt efni í kennaramenntun og líti svo á að tilmælin séu að fullu afreidd af hálfu ráðsins.

### Bakgrunnur

Tilmælin eru svohljóðandi:

Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar að

- að auka norrænt efni í kennaramenntun

### Svar Norrænu ráðherranefndarinnar

Þekking á menningu og tungumáli hvers annars og samskipti á norrænum tungumálum og sérstaklega skandinavískum málum er mikilvæg fyrir norræna samkennd, norræna samvinnu, og til að geta sótt nám eða vinnu í öðru norrænu landi. Norrænt tungumálasamstarf er þannig mikilvægt norrænu samstarfi almennt og framtíðarsýninni um að verða samþættasta svæði í heimi.

Í skýrslu Norrænu ráðherranefndarinnar, *Er sameiginlegur málskilningur á Norðurlöndum?* frá árinu 2021 kom fram að ungt fólk á Norðurlöndum á erfiðara en áður með að skilja skandinavísku málin og notar í meiri mæli ensku í samskiptum hvert við annað. Þá hafa fleiri rannsóknir leitt í ljós að grunnskólakennarar sem kenna dönsku, norsku og sænsku finnst þeir oft ekki búa yfir nægri kunnáttu til að kenna nágrannamálin. Þetta er vandamál þar sem það skiptir máli að börn og ungmenni komist í snertingu við málin svo þau þrói með sér áhuga á norrænni menningu og fái tækifæri til að eiga í samskiptum á skandinavísku.

Norrænt tungumálasamstarf og vinnan við að tryggja sameiginlegan málskilning verður áfram forgangsverkefni hjá Norrænu ráðherranefndinni. Eitt verkefni þessu tengt er að tryggja að kennarar á Norðurlöndum búi yfir nægilegri hæfni til að kenna skandinavísku málin. Þá skortir þekkingu á því að hve miklu leyti og með hvaða hætti kennarar geti



almennt uppfyllt ákvæði 8. greinar Helsingforssamningsins, þar sem segir að í hverju norrænu landi skuli fræðsla og menntun í skólum í hæfilegum mæli taka til fræðslu í tungumálum og um menningu og almennt þjóðfélagsástand í hinum löndunum. Þess vegna ákvað Norræna ráðherranefndin árið 2022 að setja í gang rannsókn á kennslu norrænna málanna í grunnskólum Norðurlanda. Rannsókninni, sem unnin er undir forystu Háskóla Íslands, er ætlað að athuga hvort þróun og nýsköpun í kennslufræði fyrir kennslu nágrannamála og kennslu norrænna mála sem annars tungumáls á Norðurlöndum hafi skilað sér í kennslu þessarra tveggja námsgreina í efri stigum grunnskólanna. Á grundvelli þeirrar rannsóknar vill Norræna ráðherranefndin geta lagað aðgerðir í norræna tungumálasamstarfinu svo börn og ungmenni geti hlotið eins góða kennslu í norrænni menningu og tungumálum og mögulegt er.

Áætlað er að fjárframlög Norrænu ráðherranefndarinnar till mennta og rannsókna verði minnkuð um u.þ.b. 35 milljónir DKK á árunum 2021-2024. Svo að fjármagn sé nýtt með sem bestum hætti hefur verið ákveðið að skerða eins lítið og unnt er fjárframlög til málefnasviðsins sem m.a. renna til Nordplus-verkefnisins *Nordplus Nordens Sprog* og mynda stóran hluta af fjárframlögum til norræns tungumálasamstarfs en minnka þess í stað fjárveitingu til þess hluta tungumálasamstarfsins sem m.a. er eyrnamerkur *Áætlun um tungumálanámskeið*.

Til að tryggja samtímis að tungumálasamstarfið sé með sem bestum hætti var ákveðið að skoða hvernig nýta skuli fjármagnið til *Áætlunar um tungumálanámskeið* þannig að það nýtist sem flestum og á sem bestan hátt. Hér hefur áhersla verið lögð á að tryggja áframhaldandi námskeiðahald fyrir kennaranema á öllum stigum og þá sem lokið hafa kennaranámi svo að aðgerðirnar geti leitt til að skapa tengslanet og samskipti á milli aðila í öllum norrænu löndunum og hjálpa til við að efla norræna samkennd og að verkefni hafi áhrif sem víðast. Gagnkvæmur málskilningur íbúa í Danmörku, Noregi og Svíþjóð skiptir öllu máli. Á grundvelli þessa var ákveðið að halda áfram stuðningi við verkefnið *Språkpiloterna* þar sem haldin eru árleg tungumálanámskeið fyrir bæði grunnskóla- og framhaldsskólakennara og við verkefnið *Nordkurs* sem stendur fyrir ECTS-sumarnámskeiðum í norrænum tungumálum á háskólastigi á öllum Norðurlöndum, gegn því skilyrði að nemendur í grunnskólakennaranámi í þeim löndum þar sem kennaramenntun fer ekki fram á háskólastigi geti einnig tekið þátt í námskeiðunum.

Árið 2021 var til tilraunar ákveðið að styðja við verkefnið *Nordisk Netværk for Nabosprogdidaktik* með því að fjármagna *Ambassadörs-líkanið* í kennaramenntun þar sem kennaranemar, að lokinni stuttri dvöl í öðru norrænu landi, starfa sem „málasendiherrar“ fyrir samnemendur sína. Sendiherrarnir hafa það hlutverk að tryggja að kunnátta í nágrannamálum og kennsla þeirra dreifist sem víðast. Norræna ráðherranefndin sér mikil tækifæri í þessu líkani og ákvað því að fella það inn í *Áætlun*



um tungumálanámskeið frá 2023 með árlegri fjárveitingu til að þróa og bæta *Ambassadör-líkanið* í kennaramenntun og þannig auka þekkingu fleiri norrænna kennaranema á norrænni menningu og kunnáttu í kennslu nágrannamála.

*Norræna ráðherranefndin telur hér með að orðið hafi verið við tilmælunum.*

## Sjónarmið nefndarinnar

Þekkingar- og menningarnefndin þakkar upplýsandi og jákvætt svar við tilmælum 17/2022 um að auka norrænt efni í kennaramenntun. Það er gott að Norræna ráðherranefndin lítur minni málskilning á Norðurlöndum sömu augum og Norðurlandaráð. Þá er einkar jákvætt að ráðherranefndin, líkt og þekkingar- og menningarnefndin, líti á *Ambassadör-líkanið* sem tæki til að efla vilja og getu kennaranema til að kenna norræn tungumál og menningu þegar þeir hefja kennslu að loknu námi. Þá hlakkar nefndin til að kynna sér niðurstöðu rannsóknarinnar um kennslu norrænna tungumála í skólum.

Nefndin hefur áhyggjur af niðurstöðum rannsókna sem sýna að skilningur á skandinavískum málum fer minnkandi og af þeim niðurskurði í fjárhagsáætlun MR-U 2021-2024 sem samstarfsráðherrarnir tóku ákvörðun um og sem hefur haft áhrif á tungumálasamstarfið. Það er von nefndarinnar að ástandið muni batna með þeim aðgerðum sem ráðgerðar eru fyrir norræna tungumálasamstarfið og sem áætlaðar eru innan Nordplus auk þeirrar vinnuáætlunar sem komið verður á á grundvelli endurskoðaðrar tungumálayfirlýsingar.

Reykjavík, 14. mars 2023

*Camilla Gunell (ÅSD)*  
*Brigitte Klintskov Jerkel (KF)*  
*John E. Weinerhall (M)*  
*Henrik Møller (S)*  
*Lars Mejern Larsson (S)*  
*May Britt Lagesen (A)*

*Catarina Deremar (C)*  
*Kathrine Kleveland (Sp)*  
*Jussi Halla-Aho (saf)*  
*Victoria Tiblom (SD)*  
*Mona Fagerås (SV)*  
*Helge André Njåstad (FrP)*